

Efni: Umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey.

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. Nefndin hefur skoðað áætlunina og vill koma nokkrum ábendingum og tillögum á framfæri.

Umsögninni er skipt í tillögur og ábendingar.

Ábendingar

- Í kaflanum „Stjórnunar- og verndaráætlun“ (bls. 7) er fjallað um samráðsferli í sátt við ábúendur, gesti og aðra hagsmunaaðila. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að bæta við að unnið er í samráði við landeigendur þó að landið sé í eigu ríkisins.

Breiðafjarðarnefnd telur að samband við landeigendur mætti koma meira fram stjórnunar- og verndaráætlun. Framkvæmdasýslan sér um land í eigu ríkisins en samkvæmt skipun samstarfshóps er enginn fulltrúi frá landeigendum í hópnum.

- Í kaflanum „Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi“ (bls. 10) er listi yfir íslenska löggjöf sem hefur þýðingu fyrir friðlandið í Flatey og stefnumótun þess. Á listann vantar lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
- Í kafla um alþjóðlega samninga (bls. 12) vantar tvo samninga sem Ísland er aðili að: Ramsar-samningur og Landslagssamningur Evrópu (ETS No. 176).
- Í kaflanum „Staða, stefna og leiðir“ (bls. 15) eru aðgerðir stjórnunar- og verndaráætlunar áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái hverju sinni. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að skýra betur hvaða aðgerðum Umhverfisstofnun muni beita til að fá fjármagn í verkefni.
- Breiðafjarðarnefnd bendir á að dýralíf og jarðminjar eru hluti af náttúrufari og ætti þess vegna að endurnefna kaflann „Náttúrufar, gróður og vistgerðir“ (bls. 16). Sleppa mætti t.d. orðinu „náttúrufar“ í kaflaheiti.
- Í kafla um stefnu um gróður og vistgerðir kemur fram að vernda skal „...gróður og vistgerðir innan friðlands og áhrifasvæði þeirra“ (bls. 16). Breiðafjarðarnefnd bendir á að ekki er fjallað um ágengar tegundir í þessu samhengi. Ferðamenn geta borið með sér ágengar tegundir sem svo geta valdið miklum skaða á vistkerfi Flateyjar.
- Breiðafjarðarnefnd veltir fyrir sér hvort Umhverfisstofnun beiti frekari aðgerðum en settar eru fram í kaflanum „Dýralíf“ (bls. 17-18) til að vernda dýralíf í Flatey. Verður t.d. lagt í verndaraðgerðir fyrir fugla og hvernig verður farið með rannsóknir og vöktun fuglategunda?
- Kaflinn „Umsjón og landvarsla“ (bls. 23) sýnir stefnu um landvörslu við friðlandið í Flatey. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að tilgreina hvernig þörf á eftirfarandi atriðum er metin:
 - Aukin viðvera landvarða
 - Fræðsla
 - Uppbygging innviða

- Í kaflanum „Gönguleiðir og aðgengi” (bls. 23) er fjallað um aðgengi friðlands innan og utan varptíma. Fyrsta setning kaflans bíður upp á misskilning og leggur Breiðafjarðarnefnd til að endurskrifa setninguna.
- Í kaflanum „Rannsóknir og vöktun” (bls. 27) er tilgreint að ekki sé búið að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að setja fram á hvaða stigi vöktunaráætlun sé og hvenær megi búast við að hún verði birt almenningi.

Tillögur:

- Í kaflanum „hið friðlýsta svæði” (bls. 6) er hlekkur að korti friðlands í Flatey. Breiðafjarðarnefnd leggur til að setja kort af friðlandinu í stjórnunar- og verndaráætlunina til að gefa lesendum betra yfirlit um svæðið sem fjallað er um.
- Breiðafjarðarnefnd telur að breyta mætti nafninu á kaflanum „Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi” (bls. 10). Nefndin telur að styttra mætti nafnið í t.d. „Lög og stjórnsýsla”.
- Í kaflanum „Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi” (bls. 10) er vitnað í friðlýsinguna frá 1975 og að hún sé samkvæmt þágildandi lögum um náttúruvernd nr. 47/1971. Breiðafjarðarnefnd telur að það mætti bæta við nokkrum orðum um endurskoðun og stækkun friðlands árið 2021 með lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar